

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súgandafirði.

1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Suðureyrarkauptún. Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg, eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og haldi við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 15 000 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningarmanni eða öðrum sérfróðum mönnum.

Aðeins pípulagningarmanni eða öðrum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt skal heimilt að leggja holræsalagnir.

Engar lagnir má hylja fyrr en byggingarfulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Sveitarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innanhúss og utan.

Þeir einir sem sveitarstjórn löggildir til holræsalagningar skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi staðarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það reiknast á hverjum tíma, þó aldrei minna en kr. 3 500 af húsi eða hluta af húsi, sem talin er sér í fasteignamati enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðafararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 300 000 sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrar-kauptúni nr. 184 4. júní 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

1. gr.

Við 3. gr. bætist 3. tl. sem orðist svo:

3.3. Bannað er að geyma ónothæf tæki eða áhöld í framleiðslu- og matvælageymslum fyrirtækis, eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni.

Tæki og áhöld, sem finnast kunna á framleiðslu- eða sölustað, skulu talin tilheyra rekstrinum.

2. gr.

5. gr. 2. tl. orðist svo:

5.2. Viðkvæmum matvælum skal halda nægjanlega köldum (undir 5°C) eða nægjanlega heitum (50°C eða þar yfir) eftir eðli vörunnar. Ekki má geyma slík matvæli á hitastiginu 5° til 50°C lengur en 4 klst.

Ílát, áhöld, rör, vélar og fleira, sem notað er við framleiðslu og tilbúning slíkra matvæla, skal hreinsa og sótthreinsa vandlega með viðurkenndum aðferðum.

3. gr.

7. gr. 2. tl. stafl. b. orðist svo:

7.2.b. Þegar aðskotaefni eru í vörunni.